

Fjármál hins opinbera 1998–2006

General government finances 1998–2006

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera hefur sveiflast verulega á tímabilinu 1998 til 2006. Hún var jákvæð um 5,3% af landsframleiðslu 2006 sem er svipað hlutfall og 2005. Í upphafi tímabilsins var hún hins vegar neikvæð um 0,4% af landsframleiðslu og 2003 var hún slökust eða neikvæð um 2,8% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera mældust 46,7% af landsframleiðslu 2006, en það hlutfall var 47,7% 2005. Mikil aukning hefur verið í tekjum hins opinbera mælt á þennan veg á tímabilinu 1998–2006 en í byrjun þess mældust tekjurnar 41% af landsframleiðslu. Útgjöld hins opinbera voru 41,4% af landsframleiðslu 2006 samanborðið við 42,4% 2005. Sé tímabilið 1998–2006 skoðað sést að útgjöldin náðu hámarki mæld sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða 45,7%.

Á árinu 2005 námu útgjöld til heilbrigðismála ríflega 9,4% af landsframleiðslu eða 96,3 milljarðar króna. Hæst mældust heilbrigðisútgjöldin 2003 er þau námu 10,2% af landsframleiðslu. Um 17½% heilbrigðisútgjalda voru fjármögnuð beint af heimilum landsins. Heildarútgjöld til fræðslumála námu 8,35% af landsframleiðslu 2005 en það svarar til 85,3 milljarða króna. Árið 1998 var samsvarandi hlutfall 7,06%. Um 19,6% útgjalda til fræðslumála eru fjármögnuð af heimilunum og hefur sá hlutur farið vaxandi á umræddu tímabili. Á árinu 2005 var ráðstafað um 91 milljarði króna til almannatrygginga og velferðarmála eða 8,9% af landsframleiðslu eða um 21% útgjalda hins opinbera. Hámarki náðu þessi útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða rúmlega 9,7% af landsframleiðslu. Á árinu 1998 var þetta hlutfall ríflega 7,7% af landsframleiðslu.

Heildarskuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu hafa farið lækkandi á undanförunum árum, en þær námu um 53% af landsframleiðslu árið 2005 eða um 540 milljörðum króna. Á árinu 1998 mældust heildarskuldirnar hins vegar 77½% af landsframleiðslu. Verulega hefur dregið úr erlendum lántökum, sem voru um 10½% af landsframleiðslu árið 2005 samanborðið við rúmlega 22% af landsframleiðslu árið 1998.

Inngangur

Í haust sem leið réðst Hagstofan í endurskoðun á fjármálum hins opinbera aftur til ársins 1998, en sú endurskoðun fól fyrst og fremst í sér nákvæmari og dýpri flokkun tekna og gjalda í samræmi við nýja alþjóðlega staðla.¹ Var hér bæði um hagræna flokkun að ræða og einnig flokkun í málaflokka. Afrakstur þessarar endurskoðunar er nú að finna á vefsíðu Hagstofunnar, en í þessu riti er ætlunin að

Endurskoðun á fjármálum hins
opinbera aftur til ársins 1998
m.t.t. nýrra staðla

¹ Þ.e. staðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins: The Government Finance Statistical Manual, 2001 og hins nýja COFOG staðals (The Classification of the Functions of Government) sem var þróaður af OECD og gefinn út af Sameinuðu þjóðunum.



gefa talnalegt yfirlit um helstu þætti opinberra fjármála, þ.e. ríkis, sveitarfélaga og almannatrygginga, á árunum 1998 til 2006. Verður áherslan fyrst og fremst á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess er að finna á vefsíðu Hagstofunnar eins og áður segir.

Í þessu yfirliti verður vikið að afkomuþróun hins opinbera á árunum 1998 til 2006, en einnig gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum á sama tímabili. Þá verður í stuttu máli fjallað um umfangsmestu málaflokka hins opinbera, þ.e. heilbrigðismál, fræðslumál og velferðamál, og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Að lokum verður vikið að peningalegum eignum og skuldum hins opinbera og breytingum þar á. En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum. Í töfluviðauka er að finna enska útgáfu af töflum þessa rits.


Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar

Hin hefðbundna skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkar hið opinbera við þá starfsemi sem tekna er aflað til með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða og takmarkast hún við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hinni hefðbundnu skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2005

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2005



Um þrjú fjórðu hlutar tekna hins opinbera renna til ríkissjóðs og einn fjórði hluti til sveitarfélaga eins og lesa má af meðfylgjandi mynd. Um 29% tekna ríkissjóðs renna áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga í formi fjárframlaga. Á árinu 2005 námu þessi fjárframlög 80,3 milljörðum króna til almannatrygginga og 11,1 milljarði króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera ráðstafa almannatryggingar um 18% eða um 77,5 milljörðum króna, sveitarfélögin um 30% eða 129 milljörðum króna og ríkissjóður riflega 52% eða 226,6 milljörðum króna.


Afkoma hins opinbera

Tekjuafgangur hins opinbera nam 5,3% af landsframleiðslu 2006

Tekjuafkoma hins opinbera hefur sveiflast verulega á tímabilinu 1998 til 2006 eins og lesa má úr mynd 2 og töflu 1. Bráðabirgðatölur benda til þess að hún hafi verið jákvæð um 5,3% af landsframleiðslu árið 2006 sem er svipað hlutfall og árið 2005. Í upphafi tímabilsins var hún hins vegar neikvæð um 0,4% af landsframleiðslu og á árinu 2003 var hún slökust eða neikvæð um 2,8% af landsframleiðslu.¹

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Tafla 1. Fjármál hins opinbera 1998–2006

Í milljörðum króna	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Heildartekjur	240.6	273.2	297.8	323.5	340.5	360.3	410.8	486.9	533.0
Heildarútgjöld	243.0	265.9	286.3	328.8	361.3	383.8	409.2	433.3	472.2
Tekjuafkoma	-2.4	7.2	11.6	-5.3	-20.8	-23.5	1.6	53.6	60.7
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Heildartekjur	41.0	43.3	43.7	42.0	41.9	42.9	44.3	47.7	46.7
Heildarútgjöld	41.4	42.2	42.0	42.7	44.5	45.7	44.2	42.4	41.4
Tekjuafkoma	-0.4	1.1	1.7	-0.7	-2.6	-2.8	0.2	5.2	5.3


Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans auðvitað miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild eins og sést á meðfylgjandi mynd. Tekjuafkoma sveitarfélaganna hefur aftur á móti verið neikvæð mestan hluta þessa tímabils en á árinu 2002 mældist hún hvað verst eða 1,3% af landsframleiðslu eða um 10,7 milljarðar króna á verðlagi þess árs sem svarar til rúmlega 11% af tekjum þeirra. Undanfarin tvö ár hefur fjárhagur sveitarfélaganna þegar á heildina er litið hins vegar snúist til hins betra, þótt fjárhagur einstakra sveitarfélaga sé afar mismun-

¹ Rétt er að nefna í þessu samhengi að við uppgjör á hinu opinbera í þjóðhagsreikningum er söluhagnaður ekki talinn til tekna þar sem ávallt er gert ráð fyrir að eignir hins opinbera séu færðar upp á markaðsvirði, en söluvirði eignar er markaðsvirði hennar. Í ríkisreikningi myndar söluhagnaður hins vegar tekjur og var hagnaður af sölu Landssíma Íslands hf. að fjárhæð um 57 milljarðar króna því færður til tekna á árinu 2005 en ekki í uppgjöri ríkissjóðs samkvæmt þjóðhagsreikningum.

andi. Á árinu 2005 var tekjuafgangur þeirra 4,4 milljarðar króna eða sem svarar til 0,4% af landsframleiðslu. Bráðabirgðatölur benda til þess að afkoman á síðasta ári hafi verið á svipuðu róli.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera hafa vaxið umtalsvert á tímabilinu 1998–2006

Tekjur hins opinbera mældust 46,7% af landsframleiðslu árið 2006 samkvæmt bráðabirgðatölum, en það hlutfall var 47,7% árið 2005. Mikil aukning hefur því verið í tekjum hins opinbera mælt á þennan veg á tímabilinu 1998–2006 en í byrjun þess mældust tekjurnar 41% af landsframleiðslu. Þessi aukning kemur fram í öllum undirgeirum hins opinbera eins og lesa má í töflu 2. Í heild námu tekjur hins opinbera 533 milljörðum króna á árinu 2006.

Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 1998–2006

Í milljörðum króna	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Ríkissjóður	181,9	208,5	225,6	241,1	252,8	268,0	306,9	363,6	395,2
Sveitarfélög	64,1	71,0	78,8	91,0	96,1	102,2	114,1	134,1	149,9
Almannatryggingar	39,7	43,6	48,7	53,4	59,8	67,0	73,7	80,9	84,0
Hið opinbera	240,6	273,2	297,8	323,5	340,5	360,3	410,8	486,9	533,0
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Ríkissjóður	31,0	33,1	33,1	31,3	31,1	31,9	33,1	35,6	34,6
Sveitarfélög	10,9	11,3	11,6	11,8	11,8	12,2	12,3	13,1	13,1
Almannatryggingar	6,8	6,9	7,1	6,9	7,4	8,0	8,0	7,9	7,4
Hið opinbera	41,0	43,3	43,7	42,0	41,9	42,9	44,3	47,7	46,7

Séu megintekjustofnar hins opinbera skoðaðir, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárframlög og aðrar tekjur, sést að skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera um það bil 85% af tekjum þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þeir tekjustofnar aukist umtalsvert, en á árinu 2006 er reiknað með að þeir mælist 40,4% af landsframleiðslu samanborið við 34,4% árið 1998. Aðrar tekjur, eins og eignatekjur og sala á vöru og þjónustu, hafa hins vegar skilað hinu opinbera tekjum á bilinu 6–7% af landsframleiðslu á tímabilinu.


Tafla 3. Megin tekjustofnar hins opinbera 1998–2006

Í milljörðum króna	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Skatttekjur	186,3	215,0	234,1	250,7	264,3	282,4	323,3	383,7	423,9
Tryggingagjöld	16,1	17,8	19,7	21,9	23,4	26,1	28,4	32,8	37,2
Fjárframlög	0,4	0,5	0,7	0,9	0,7	1,0	1,3	1,2	1,3
Aðrar tekjur	37,8	39,8	43,4	50,0	52,1	50,8	57,9	69,3	70,6
Heildartekjur	240,6	273,2	297,8	323,5	340,5	360,3	410,8	486,9	533,0
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Skatttekjur	31,7	34,1	34,3	32,6	32,5	33,6	34,9	37,6	37,1
Tryggingagjöld	2,7	2,8	2,9	2,8	2,9	3,1	3,1	3,2	3,3
Fjárframlög	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Aðrar tekjur	6,4	6,3	6,4	6,5	6,4	6,0	6,2	6,8	6,2
Heildartekjur	41,0	43,3	43,7	42,0	41,9	42,9	44,3	47,7	46,7

Við nánari skoðun á skatttekjum og tryggingagjöldum sést að mest aukning hefur verið í tekjusköttum (sjá töflu 4 og mynd 4). Þeir skattar skila hinu opinbera ríflega 205 milljörðum króna 2006 eða sem svarar til 18% af landsframleiðslu. Í byrjun tímabilsins skiluðu tekjuskattarnir hins vegar rúmlega 13% af landsframleiðslu. Aukningin er því veruleg á tímabilinu.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP



Skattar á vöru og þjónustu hafa hins vegar verið stöðugri sem hlutfall af landsframleiðslu þó nokkurrar sveiflu gæti á tímabilinu. Í upphafi tímabilsins námu þeir 15½% af landsframleiðslu og lok þess 16½%. Þeir skila hinu opinbera 187,6 milljörðum króna 2006.

Fjármagnstekjuskattur hefur vaxið hröðum skrefum eins og lesa má úr töflu 5. Árið 2005 skilaði hann hinu opinbera 14½ milljarði króna eða rúmlega 1,4% af landsframleiðslu og hefur því ríflega þrefaldast frá árinu 1998. Aukning í tekjuskatti lögaðila er einnig mikil og þá aðallega á árunum 2005 og 2006¹ en sá skattur skilar ríkissjóði um 2% af landsframleiðslu eða ríflega 20 milljörðum króna

¹ Mikill hagnaður bankanna á allra síðustu árum vegur hér þungt.

á árinu 2005. Á tímabilinu 1998–2004 voru tekjur af þessum skatti á bilinu 0,9–1,3% af landsframleiðslu.

Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 1998–2006

Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Skattar á tekjur og hagnað	13,1	14,2	14,9	15,4	15,4	16,0	16,2	17,6	18,0
Skattar á launagreiðslur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0
Eignaskattar	2,6	2,6	2,8	2,7	2,5	2,3	2,5	2,6	2,2
Skattar á vöru og þjónustu	15,5	16,7	16,1	13,9	14,2	14,8	15,7	16,8	16,4
Skattar á alþjóðaviðskipti	0,4	0,4	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4
Aðrir skattar	0,2	0,2	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1
Tryggingagjöld	2,7	2,8	2,9	2,8	2,9	3,1	3,1	3,2	3,3
Skatttekjur og tryggingagjöld	34,5	36,9	37,2	35,4	35,4	36,7	38,0	40,8	40,4

Tekjuskattur einstaklinga vegur lang þyngst af tekjusköttum – ríflega fjórum fimmtu hlutum – og skilaði hinu opinbera ríflega 145 milljörðum króna á árinu 2005 eða 14,2% af landsframleiðslu. Þessi skattur hefur vaxið jafnt og þétt á tímabilinu mælt sem hlutfall af landsframleiðslu en var í byrjun þess 11,6% af landsframleiðslu.

Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 1998–2005

Í milljörðum króna	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Tekjuskattar einstaklinga	68,0	78,0	88,5	104,8	111,4	117,0	128,8	145,4
Tekjuskattar lögaðila	6,2	8,0	8,4	8,0	7,2	10,4	9,6	20,3
Fjármagnstekjuskattar	2,4	3,9	4,6	5,5	6,2	7,1	11,4	14,5
Tekjuskattar alls	76,6	89,8	101,5	118,3	124,8	134,6	149,7	180,2
<i>Hlutfall af VLF</i>								
Tekjuskattar einstaklinga	11,59	12,37	12,97	13,62	13,71	13,93	13,90	14,23
Tekjuskattar lögaðila	1,06	1,26	1,23	1,04	0,89	1,24	1,04	1,99
Fjármagnstekjuskattar	0,41	0,61	0,68	0,71	0,76	0,85	1,23	1,42
Tekjuskattar alls	13,06	14,24	14,88	15,37	15,36	16,02	16,16	17,64

Útgjöld hins opinbera

Samneysla hins opinbera hefur vaxið úr 22% af landsframleiðslu 1998 í 24,6% 2006

Útgjöld hins opinbera mældust 41,4% af landsframleiðslu árið 2006 samkvæmt bráðabirgðatölum, en það hlutfall var 42,4% árið 2005. Sé tímabilið 1998–2006 skoðað sést að útgjöldin náðu hámarki mælt sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða 45,7%. Lægst mældust þau á síðasta ári og í upphafi tímabilsins. Útgjöld sveitarfélaganna hafa haldist á bilinu 12–13% af landsframleiðslu á þessu tímabili, en útgjöld ríkissjóðs aftur á móti sveiflast meira og verið á bilinu 30–34% af landsframleiðslu.


Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 1998–2006

Í milljörðum króna	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Ríkissjóður	179,5	199,6	213,5	244,7	263,1	283,3	297,6	318,0	342,3
Sveitarfélög	70,2	74,8	81,7	95,8	106,8	108,3	119,9	129,7	144,5
Almannatryggingar	38,4	41,7	46,4	50,3	59,8	69,4	75,9	77,6	82,0
Hið opinbera	243,0	265,9	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	472,2
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Ríkissjóður	30,6	31,6	31,3	31,8	32,4	33,7	32,1	31,1	30,0
Sveitarfélög	12,0	11,9	12,0	12,4	13,1	12,9	12,9	12,7	12,7
Almannatryggingar	6,6	6,6	6,8	6,5	7,4	8,3	8,2	7,6	7,2
Hið opinbera	41,4	42,2	42,0	42,7	44,5	45,7	44,2	42,4	41,4

Séu hagræn útgjöld hins opinbera skoðuð sést að samneysluútgjöld, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádreginni sölu á vöru og þjónustu, hafa vaxið úr 22% af landsframleiðslu í byrjun tímabilsins í 24,6% af landsframleiðslu í lok þess. Hámarki náði samneyslan 2003 er hún var um 26% af landsframleiðslu.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Fjárfesting hins opinbera dróst hins vegar verulega saman mælt á þennan mælikvarða eins og sést á mynd 5 eða úr 4,4% af landsframleiðslu 1998 í 3,1% 2006. Svipaða sögu er að segja um vaxtagjöldin sem hafa dregist saman um 1½ prósentustig af landsframleiðslu á tímabilinu (sjá töflu 7) eða úr 3,6% af landsframleiðslu í 2,1%. Umfang tilfærslna til heimila og fyrirtækja mælist svipað í upphafi og lok tímabilsins, en félagslegar tilfærslur til heimila jukust þó allnokkuð á árunum 2002–2004 mælt á þennan mælikvarða. Þær dróust síðan saman 2005 og 2006.

Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 1998–2006

Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Laun	14,3	14,5	14,6	14,7	15,7	16,3	15,7	15,7	15,9
Kaup á vöru og þjónustu	9,2	9,7	10,0	10,1	11,0	11,2	10,9	10,6	10,2
Vaxtagjöld	3,6	3,4	3,4	3,3	3,0	2,7	2,4	2,1	2,1
Framleiðslustyrkir	1,7	1,8	1,8	1,8	1,8	1,9	1,8	2,0	1,7
Félagslegar tilfærslur til heimila	5,8	5,6	5,6	5,6	6,3	7,2	6,9	6,2	5,8
Önnur tilfærsluútgjöld	2,4	2,5	2,5	2,7	2,7	2,8	2,6	2,7	2,5
Fjárfesting	4,4	4,7	4,1	4,5	3,9	3,6	3,9	3,1	3,1
Heildarútgjöld	41,4	42,2	42,0	42,7	44,5	45,7	44,2	42,4	41,4

Almannatryggingar og velferðarmál eru viðamesti málaflokkur hins opinbera

Útgjöld hins opinbera má einnig flokka eftir málaflokkum eins og stjórnarsýsla, löggæsla, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar og velferðarmál o.s.frv. Í töflu 8 er að finna slíka flokkun, en þar kemur fram að almannatryggingar og velferðarmál er viðamesti málaflokkur hins opinbera og nema útgjöld til hans 8,9% af landsframleiðslu árið 2005. Árið 1998 var ráðstafað um 7,8% af landsframleiðslu til þessa málaflokks.

Tafla 8. Megin málaflokkar hins opinbera 1998–2005

Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Æðsta stjórnarsýsla	6,63	6,41	6,11	6,57	6,14	5,97	5,39	5,11
Varnarmál	0,02	0,01	0,02	0,03	0,03	0,04	0,04	0,04
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1,46	1,52	1,53	1,49	1,47	1,54	1,49	1,45
Efnahags- og atvinnumál	6,73	6,71	6,79	7,04	6,53	6,68	6,42	5,79
Umhverfismál	0,71	0,75	0,74	0,70	0,72	0,73	0,73	0,68
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	0,35	0,40	0,37	0,39	0,70	0,43	0,42	0,39
Heilbrigðismál	7,56	8,34	8,06	7,99	8,78	9,01	8,80	8,33
Menningar-, íþrótt- og trúmál	2,89	3,04	3,23	3,03	3,31	3,62	3,71	3,36
Menntamál	7,41	7,51	7,54	7,82	8,41	8,37	8,32	8,38
Almannatryggingar og velferðarmál	7,76	7,67	7,74	7,95	8,80	9,81	9,37	8,89
Heildarútgjöld	41,53	42,36	42,14	43,01	44,90	46,20	44,71	42,42


Til heilbrigðis- og fræðslumála er ráðstafað álíka fjárhæð 2005 eða rúmlega 85 milljörðum króna á hvorn málaflokk eða 8,3–8,4% af landsframleiðslu. Nokkur vöxtur er í útgjöldum til fræðslumála á árunum 1998 til 2002 mælt sem hlutfall af landsframleiðslu en síðan helst hlutfallið nokkuð stöðugt fram til ársins 2005 enda hagvöxtur mikill á árunum 2004–2006. Útgjöld til heilbrigðismála sveiflast hins vegar nokkuð á tímabilinu, en hæst mælast þau árið 2003 eða 9% af landsframleiðslu. Fjallað verður sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmál í köflum hér á eftir.

Kostnaður við stjórnarsýslu og almenn málefni nam á árinu 2005 rúmlega 52 milljörðum króna eða 5,1% af landsframleiðslu en úr þeim kostnaði hefur þó dregið frá árinu 2001 mælt á þennan hátt. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur lög- og réttargæsla og öryggismál verið tiltölulega stöðug eða í kringum 1½% af landsframleiðslu. Svipuð þróun hefur verið í útgjöldum til umhverfismála en þau hafa verið um 0,7% af landsframleiðslu. Nokkur lækkun er á útgjöldum til efnahags- og atvinnumála 2005 er þau mældust 5,8% af landsframleiðslu eða ríflega 59 milljarðar króna en flest hin árin eru þau á bilinu 6,4 til 7,0% af landsframleiðslu. Séu útgjöldin skoðuð nánar kemur í ljós að rúmlega 52% þeirra renna í samgöngumál 2005 og um 18,4% til landbúnaðarmála. Útgjöld til

menningar-, íþrótt- og trúmála sveiflast nokkuð á umræddu tímabili en eru um 3,4% af landsframleiðslu 2005 eða ríflega 34 milljarðar króna.

Mynd 6. Útgjöld til helstu málaflokka hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 6. Expenditure on main functions of general government as per cent of GDP



Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,8% af landsframleiðslu 2005

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 79,5 milljarðar króna 2005 eða 7,8% af landsframleiðslu, en það hlutfall var 8,4% 2003 er það var hæst en 1998 var það hins vegar 7,0% eins og lesa má úr töflu 9. Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 benda til þess að þetta hlutfall lækki lítillega og mælist 7,7% af landsframleiðslu á því ári, en það svarar til ríflega 86 milljarða króna. Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera eru samneysluútgjöld eða um 97,8%. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2005 fara rúmlega 19,6% til heilbrigðismála.

Tafla 9. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 1998–2005

Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
1. Lækningavörur og hjálpartæki	0,79	0,86	0,81	0,75	0,81	0,88	0,85	0,75
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	1,07	1,17	1,27	1,29	1,35	1,45	1,43	1,34
3. Sjúkrahúsþjónusta	4,97	5,54	5,30	5,24	5,78	5,82	5,67	5,48
4. Forvarnir og alm. heilbrigðisþj.	0,04	0,05	0,05	0,04	0,05	0,05	0,05	0,05
5. Heilbrigðismál, ót.a.s.	0,14	0,17	0,16	0,14	0,21	0,20	0,16	0,17
Opinber heilbrigðisútgjöld, alls ¹	7,00	7,79	7,59	7,46	8,20	8,39	8,15	7,78

¹ Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu frá hinu opinbera hafa verið dregin frá.

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 9, og jafnvel enn frekar eins gert er í töflu 21 í töfluviðauka. Árið 2005 var ráðstafað um 5,5% af landsframleiðslu til sjúkrahúsþjónustu eða um 56 milljörðum króna. Þar af var hlutur almennrar sjúkrahúsþjónustu ríflega 69% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu ríflega 29%, en sú þjónusta hefur vaxið verulega og nam 1,6% af landsframleiðslu 2005 samanborið við 1,1% af landsframleiðslu 1998. Til heilsugæslu (þjónustu við ferlisjúklinga) runnu um

13,7 milljarðar króna 2005 eða 1,34% af landsframleiðslu. Lyfja- og hjálpertækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð rúmlega 7,6 milljarðar króna, en það eru um 9,6% opinberra útgjalda til heilbrigðismála eða 0,75% af landsframleiðslu.

Í töflu 21 í töfluviðauka er að finna fleiri upplýsingar um heilbrigðiskostnað. Þar má meðal annars lesa að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 268,7 þúsund krónur á mann 2005 sem er svipuð fjárhæð og árið þar á undan, en aftur á móti tölvert hærri fjárhæð en árið 1998 er þau náðu 226,1 þúsund króna á mann. Kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa var 131,1 þúsund krónur á mann 2005, vegna heilsugæslu 46,2 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar 55,2 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpertækja 25,8 þúsund krónur á mann.

Tafla 10. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2006

	Hlutfall heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila af heild	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði ¹	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði á mann ¹
	Hið					
	opinbera	Heimili	Samtals			
1998	7,00	1,62	8,62	18,78	100,0	100,0
1999	7,79	1,59	9,38	16,92	110,1	108,8
2000	7,59	1,67	9,25	18,02	111,3	108,4
2001	7,46	1,65	9,11	18,11	114,3	109,8
2002	8,20	1,71	9,91	17,27	121,3	115,5
2003	8,39	1,78	10,17	17,51	123,5	116,9
2004	8,15	1,74	9,89	17,58	126,8	118,7
2005	7,78	1,65	9,43	17,47	127,6	118,1
2006 brt.	7,71	1,57	9,28	16,92	130,3	117,2

¹ Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar.

Ríflega 9,4% af landsframleiðslu er ráðstafað til heilbrigðismála 2005 eða 96,3 milljörðum króna

Í töflu 10 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála hér á landi á árunum 1998–2006 mælt sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2005 nam heilbrigðiskostnaður af landsframleiðslu ríflega 9,4% af landsframleiðslu, en það svarar til 96,3 milljarða króna. Hæst mældust heilbrigðisútgjöldin 2003 er þau námu 10,2% af landsframleiðslu. Um 17,5% útgjaldanna voru fjármögnuð af heimilunum, en þáttur heimilanna í kostnaði heilbrigðisþjónustunnar hefur verið á bilinu 17–18% á síðustu árum. Bráðabirgðatölur fyrir árið 2006 gefa til kynna að heilbrigðiskostnaðurinn mælist um 9,3% af landsframleiðslu og hafi lækkað lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu. Þá má lesa úr töflu 10 að á föstu verði hafi heilbrigðisútgjöldin vaxið um nálægt 28% síðustu átta árin, en á mann hafa þau aukist um tæplega 18 prósent á þeim tíma.

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2005 námu um 78 milljörðum króna eða 7,6% af landsframleiðslu

Í eftirfarandi töflu er að finna yfirlit um útgjöld hins opinbera til fræðslumála á árabílinu 1998–2005 mælt sem hlutfall af landsframleiðslu. Ríflega 7,6% af landsframleiðslu fóru til þessa málaflokks 2005 eða 77,9 milljarðar króna, en 1998 voru útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks 6,5% af landsframleiðslu. Rúmlega helmingur útgjaldanna fóru til grunnskólastigsins 2005 eða ríflega 39 milljarðar króna sem svarar til 3,84% landsframleiðslu (sjá einnig töflu 22 í töfluviðauka). Um 15 milljörðum króna var ráðstafað til háskólastigsins 2005 eða um 1½% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð eða ríflega

14 milljarða króna. Til leikskólastigsins runnu 5,2 milljarðar af hálfu hins opinbera eða ½% af landsframleiðslu. Afgangurinn eða 5,7% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála fór til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og stjórnunar-kostnaðar.

Tafla 11. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 1998–2005

Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
1. Leikskólastig	0,43	0,44	0,47	0,52	0,50	0,50	0,47	0,51
2. Grunnskólastig	3,26	3,36	3,46	3,44	3,99	3,79	3,75	3,84
3. Framhaldsskólastig	1,33	1,29	1,19	1,40	1,41	1,46	1,45	1,38
4. Háskólastig	1,12	1,19	1,21	1,25	1,39	1,41	1,39	1,46
5. Önnur skólastig og stoðþj.	0,15	0,15	0,19	0,20	0,21	0,20	0,19	0,19
6. Önnur fræðslumál	0,18	0,19	0,17	0,18	0,18	0,20	0,24	0,24
Opinber fræðsluútgjöld, alls ¹	6,47	6,63	6,69	6,99	7,67	7,56	7,50	7,63

¹ Kaup heimila á fræðsluþjónustu frá hinu opinbera hafa verið dregin frá.

Í töfluviðauka, töflu 22, kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru rúmlega 263 þúsund krónur á mann árið 2005. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla ríflega 132 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla um 48 þúsund krónur og vegna háskólastigs ríflega 50 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, eða 83,8% útgjaldanna. Fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt í útgjöldunum, en þau voru á árinu 2005 um 6,7 milljarðar króna eða rúmlega 8,6% útgjaldanna. Tilfærslur, sem eru að mestu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, mældust um 7,4% útgjaldanna.

Tafla 12. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2006¹

	Hlutfall fræðsluútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila af heild	Fræðslu-útgjöld á föstu verði ¹	Fræðslu-útgjöld á föstu verði ¹ á mann ¹
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	6,47	0,59	7,06	8,40	100,00	100,01
1999	6,63	0,60	7,23	8,32	103,55	102,29
2000	6,69	0,61	7,30	8,30	106,25	103,48
2001	6,99	0,62	7,61	8,21	115,63	111,08
2002	7,67	0,71	8,38	8,42	123,77	117,86
2003	7,56	0,78	8,35	9,38	122,13	115,61
2004	7,50	0,74	8,24	8,97	127,98	119,77
2005	7,63	0,73	8,35	8,71	136,30	126,15
2006 brt.	7,54	0,72	8,26	8,70	138,67	124,80

¹ Fræðsluútgjöld staðvirk með verðvísitölu samneyslunnar.

Um 8,4% af landsframleiðslu eða ríflega 85 milljörðum króna er ráðstafað til fræðslumála í landinu

Í töflu 12 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála 8,35% af landsframleiðslu hér á landi 2005, en það svarar til um 85,3 milljarða króna. Árið 1998 var samsvarandi hlutfall 7,06% af landsframleiðslu. Um 8,7% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum og hefur sá hlutur hækkað lítið eitt á tímabilinu. Þá má sjá í töflunni að á föstu verði hafa fræðsluútgjöld 2005 vaxið um ríflega 36% frá árinu 1998, en á mann hafa þau aukist um rúmlega 26%. Mest er aukningin eftir 2001.

¹ Tölur um hlutfall heimila af heild hafa hér verið leiðréttar frá því sem var í upphaflegri útgáfu.

Almannatryggingar og velferðarmál

Hið opinbera ráðstafaði 91 milljarði króna til almannatrygginga og velferðarmála 2005 eða 8,9% af landsframleiðslu

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla annars vegar ýmis konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga eins og vegna elli, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins.

Tafla 13. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 1998–2005

Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
1. Sjúkdómar	0,10	0,10	0,09	0,08	0,09	0,09	0,08	0,08
2. Örorka og fötlun	1,60	1,65	1,86	1,77	1,84	2,16	2,24	2,19
3. Öldrun	2,54	2,49	2,42	2,33	2,40	2,57	2,36	2,47
4. Eftirlifendur	0,04	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03
5. Fjölskyldur og börn	1,79	1,76	1,76	2,12	2,45	2,70	2,62	2,46
6. Atvinnuleysi	0,43	0,33	0,25	0,26	0,42	0,55	0,52	0,36
7. Húsnæðisaðstoð	0,76	0,73	0,74	0,73	0,86	0,93	0,83	0,76
8. Félagsleg aðstoð, ót.a.s.	0,21	0,21	0,21	0,23	0,22	0,25	0,23	0,20
9. Alm.tr. og velf.mál, ót.a.s.	0,26	0,32	0,34	0,35	0,42	0,44	0,35	0,37
Alm.trygg. og velf.mál, alls	7,74	7,64	7,71	7,89	8,72	9,71	9,26	8,89

Í töflu 13 er að finna yfirlit yfir útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála á árunum 1998–2005. Á árinu 2005 fóru um 91 milljarður króna til þessa málaflokks eða 8,9% af landsframleiðslu og um 21% útgjalda hins opinbera. Hámarki náðu þessi útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða rúmlega 9,7% af landsframleiðslu. Í byrjun tímabilsins var hlutfallið hins vegar ríflega 7,7% af landsframleiðslu.

Útgjöld hins opinbera vegna öldrunar eru ríflega 25 milljarðar króna 2005 eða um 2½% af landsframleiðslu, sem er svipað hlutfall og í upphafi tímabilins, en sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöldin verið nokkuð stöðug á tímabilinu. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 22,3 milljörðum króna árið 2005 eða 2,2% af landsframleiðslu og höfðu þá vaxið um 0,6 prósentustig af landsframleiðslu frá 1998. Svipaða sögu er að segja um útgjöld til fjölskyldna og barna en þau hafa vaxið um 0,7 prósentustig af landsframleiðslu á þessu tímabili og námu um 2½% af landsframleiðslu árið 2005. Á síðustu árum munar miklu um útgjöld vegna fæðingarorlofs.

Tæplega fjórir fimmtu hlutar útgjalda hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála eru félagslegar tilfærslur til heimilanna, en einn fimmti hluti er samneysluútgjöld í ýmsu formi og afgangurinn er fjárfestingarútgjöld. Samneysla hins opinbera í velferðarmálum var ríflega 19,2 milljarðar króna á árinu 2005. Þar af var samneysla sveitarfélaga ríflega þrjú fimmtu hlutar, sem var að mestu í formi umönnunar við börn og aldraða, meðal annars með rekstri barna- og elliheimila. Samneysla ríkissjóðs á þessu sviði var að mestu þjónusta við fatlaða. Afgangurinn var samneysla almannatrygginga. Rúmlega sjö tíundu hlutar af heildarsamneyslu hins opinbera í velferðarmálum er launakostnaður. Fjárfesting hins opinbera í velferðarmálum var rúmlega 1,2 milljarðar króna á árinu 2005.

*Útgjöld hins opinbera til
almannatrygginga og
velferðarmála námu sem svarar
307 þúsund krónum á mann
2005*

Í töflu 23 í töfluviðauka er að finna fleiri upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála. Þar má meðal annars lesa að 2005 voru útgjöld hins opinbera til þessa málaflokks rúmlega 307 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs eða svipuð fjárhæð og árin 2003 og 2004 mælt á sama verðlagi, en árin þar á undan höfðu þau hins vegar hækkað nokkuð. Kostnaður hins opinbera vegna öldrunar var rúmlega 85 þúsund krónur á mann 2005 eða svipaður kostnaður og vegna fjölskyldna og barna. Útgjöld vegna örorku og fötlunar voru 75 þúsund krónur á árinu 2005 og höfðu hækkað allnokkuð á umræddu tímabili, en þau námu ríflega 52 þúsundum á mann 1998. Kostnaður vegna atvinnuleysis nam 12,4 þúsund krónum á mann 2005 og vegna húsnæðisaðstoðar 26,1 þúsund krónur á mann á því ári.

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

*Peningaleg eign hins opinbera
nam rúmlega 400 milljörðum
króna 2005*

Í töflu 14 er sýnt yfirlit um þróun peningalegra eigna og skulda hins opinbera á árunum 1998–2005. Fram kemur að peningleg eign hins opinbera nam ríflega 39% af landsframleiðslu árið 2005 eða rúmlega 400 milljörðum króna. Hæst var þessi eign hins vegar á árinu 2001, 46% af landsframleiðslu. Í árslok 2005 skiptist peningaleg eign hins opinbera þannig að hlutabréfaeign nam um 132 milljörðum króna 2005, viðskiptakröfur s.s. skattaskuldir 116 milljörðum króna, lánveitingar 91 milljarði króna og sjóður og bankareikningar um 62 milljörðum króna.

Tafla 14. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 1998–2005


Hlutfall af VLF	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Peningalegar eignir	34,8	37,9	35,5	45,9	43,7	40,4	36,9	39,2
Skuldir	77,5	73,8	73,1	75,2	72,4	71,2	64,6	52,8
Verðbréf	16,3	13,1	10,3	10,6	10,6	11,9	11,5	10,4
Lántökur	28,3	26,9	28,4	33,4	30,4	27,8	22,8	15,0
Innlendir lántökur	6,2	5,9	5,5	4,7	4,6	4,8	4,8	4,5
Erlendir lántökur	22,1	21,0	22,9	28,7	25,8	22,9	18,0	10,4
Lífeyrisskuldbindingar	25,7	26,4	28,6	25,7	27,0	27,1	25,7	24,0
Viðskiptaskuldir	7,2	7,4	5,9	5,4	4,4	4,4	4,6	3,5
Hrein peningaleg eign	-42,7	-36,0	-37,6	-29,3	-28,7	-30,8	-27,7	-13,6

*Heildarskuldir hins opinbera
voru um 540 milljarðar króna
2005*

Heildarskuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu hafa farið lækkandi á undanförunum árum, en þær námu um 53% af landsframleiðslu árið 2005 eða um 540 milljörðum króna. Í byrjun tímabilsins voru heildarskuldirnar hins vegar 77½% af landsframleiðslu. Fram kemur að verulega hefur dregið úr erlendum lántökum, sem námu um 10½% af landsframleiðslu 2005 samanborið við rúmlega 22% af landsframleiðslu 1998. Þá kemur fram að lífeyrissjóðsskuldbindingar hins opinbera hafa mælst á bilinu 24–29% af landsframleiðslu á þessu tímabili, en 2005 námu þær 24% af landsframleiðslu eða um 245 milljörðum króna. Einnig kemur fram í ofangreindri töflu að viðskiptaskuldir hins opinbera hafa farið lækkandi.

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



Lækkun skulda hins opinbera á fyrst og fremst rætur að rekja til mjög góðrar tekjuafkomu ríkissjóðs á árunum 2004 og 2005, sem að hluta hefur verið notuð til að greiða niður skuldir. Á árinu 2005 nam heildarskuld ríkissjóðs 40% af landsframleiðslu samanborðið við 64% af landsframleiðslu árið 2001. Hér er því um verulega lækkun að ræða á skömmum tíma. Heildarskuld sveitarfélaga hefur mælst á bilinu 13–14% af landsframleiðslu á þessu tímabili.

Endurskoðun á fjármálum hins opinbera 1998–2005

Eins og fram kom í byrjun þessa rits réðst Hagstofan í endurskoðun á fjármálum hins opinbera aftur til ársins 1998, en sú endurskoðun fól fyrst og fremst í sér nákvæmari og dýpri flokkun tekna og gjalda í samræmi við alþjóðlega staðla. Hún er einnig í samræmi við þá vinnu sem fulltrúar frá Hagstofu Íslands, Fjársýslu ríkisins og fjármálaráðuneyti hafa unnið að á vegum ríkisreikningsnefndar á undanförunum þremur árum.

Tekjum hins opinbera er nú skipt upp í fjóra megin flokka, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárframlög og aðrar tekjur. Meginbreytingin hér er að tryggingagjöld eru aðgreind frá skatttekjum eins og verið hefur í þjóðhagsreikningum um langt árabil og aðrar tekjur flokkaðar nákvæmar en áður.

Á gjaldahlið er hin nýja málaflokkun (COFOG) tekin upp. Stærsta breytingin þar er að yfirflokkur er fækkað úr 14 í 10. Umhverfismál verða nú yfirflokkur en öll atvinnumál, sem áður voru yfirflokkar, flokkast undir einn yfirflokk nú, þ.e. efnahags- og atvinnumál. Þá eru rannsóknir dregnar út sérstaklega og flokkaðar sem undirflokkur undir hverjum yfirflokki.

Í hagrænu flokkuninni þá eru mestu breytingarnar í samneyslu og fjárfestingu hins opinbera, bæði varðandi fjárhæðir og magn. Helstu ástæður þessara breytinga eru: (1) nákvæmari hagræn flokkun en áður sem hafði í för með sér að ýmis útgjöld sem áður flokkuðust sem samneysla flokkast nú sem fjárfesting; (2) meiriháttar viðhald færast nú að hluta á fjárfestingu í stað samneyslu áður; (3) þjónustutekjur stofnana dragast nú einungis frá samneyslu í stað allra sértekna áður; (4) áfallnar

lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga vegna launavinnu viðkomandi árs færast nú með samneyslu (launum) en þessi breyting var aðeins að hluta til komin til framkvæmda áður.

Frekari upplýsingar

Megináhersla í þessum hagtíðindum hefur verið á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum, en samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar er að finna á vefsíðu Hagstofunnar undir fjármálum hins opinbera. <http://www.hagstofa.is/?PageID=755>

Rétt er að nefna að í framhaldi af þessari endurskoðun mun Hagstofan nú á næstu mánuðum vinna að gagnalýsingu varðandi uppgjör hins opinbera og undirgeira þess. Verður þar farið yfir með hvaða hætti Hagstofan safnar gögnum og upplýsingum um fjármál þessara aðila, vinnsluferli gagna og aðferðafræði sem beitt er. Í þeirri lýsingu verður einnig gefið yfirlit um þær flokkanir sem nú er fylgt og hvernig þær tengjast fjármálum ríkissjóðs og sveitarfélaga eins þau eru sett fram af hálfu Fjársýslu ríkisins og Sambandi íslenskar sveitarfélaga.

English summary

